

Borgarráð

Viðauki við fjárhagsáætlun 2018 vegna endurskoðunar á útsvarstekjum

Lagt er til að tekjuáætlun Reykjavíkurborgar vegna ársins 2018 verði endurskoðuð til hækkunar um 1.547 m.kr. vegna endurskoðunar á áætluðum útsvarstekjum. Þessi tekjuauki verði færður á kostnaðarstað 09205 Ófyrirséð. Breytingin hefur eftirfarandi áhrif á A-hluta Reykjavíkurborgar:

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SKATT	00100	Skatttekjur	Kredit	-1.547.020
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Debet	1.547.020
			Samtals	0

Greinargerð:

Rekja má aukningu útsvarstekna um 1.547 m.kr. til eftirtalinna þriggja þátta:

- Í fyrsta lagi reyndist niðurstaða ársins 2017 vera um 1,0 ma.kr. umfram áætlun. Fráviknið skýrðist af meiri vinnumagnsaukningu en gert hafði verið ráð fyrir. Afleidd áhrif vegna þessa á útkomuspá ársins 2018 nema um 1.009 m.kr. til hækkunar.
- Í öðru lagi hafa forsendur ársins 2018 verið endurskoðaðar. Helstu breytingar snúa að forsendu um launaþróun og vinnumagn. Við mat á launaþróun er stuðst við launavísitölu Hagstofu Íslands og skv. uppfærðri þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að launavísitala hækki um 5,9% árið 2018 í stað 6,5%. Þá er gert ráð fyrir að vinnumagn aukist um 1,4% árið 2018 en áður hafði verið gert ráð fyrir 1,0% aukningu. Spá um vinnumagn er annars vegar byggt á mælingu Hagstofu Íslands á fjölda starfandi og hins vegar mati fjármálaskrifstofu þar sem m.a. er tekið tillit til breytingar á unnum vinnustundum. Aðrar forsendur s.s. íbúafjölgun og verðbólga hafa einnig verið endurskoðaðar. Áhrif forsendubreytinga á útsvarstekjur nema um

95 m.kr. til hækkunar.

- Í þriðja lagi hefur mat á tekjum vegna eftirá álagðs útsvars ásamt skattbreytingum, niðurfærslu og afskriftum skatttekna verið hækkað um 442 m.kr. Um er að ræða útsvarstekjur sem lagðar eru á eftir að framtali hefur verið skilað til Ríkisskattstjóra og leiðréttingar vegna framtalsgerðar o.þ.h. Um er að ræða mjög sveiflukenndan lið sem erfitt er að áætla en endurskoðað mat byggist annars vegar á raunþróun ársins og hins vegar á mati fjármálaskrifstofu.

Dagur B. Eggertsson